

FUNDARBOÐ

203. fundur Sveitarstjórnar Dalabyggðar verður haldinn í stjórnarsýsluhúsinu í Búðardal, 11. mars 2021 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2003004 - Sameining sveitarfélaga - skoðun og valkostagreining

Niðurstöður valkostagreiningar lagðar fram.

2. 2102023 - Viðhald á slökkvibílum

Úr fundargerð 263. fundar byggðarráðs 25.02.2021, dagskrárliður 4:

2102023 - Viðhald á slökkvibílum

Ræða þarf hvort fara skuli í viðgerðir á slökkvibíl. Slökkviliðsstjóri mætir á fundinn.

Ákveðið að ráðast ekki í viðhald á þriðja bíl slökkviliðsins og hann verði tekinn úr umferð. Talið er fullnægjandi að vera með tvo bíla.

Lagt verður til við sveitarstjórn að bíllinn verði seldur.

Samþykkt samhljóða.

Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri sat fundinn undir dagskrárlið 4.

3. 2102003 - Íbúðarhúsið Skuld

Úr fundargerð 263. fundar byggðarráðs 25.02.2021, dagskrárliður 6:

2102003 - Íbúðarhúsið Skuld

Tillaga um að húsið verði selt. Fasteignamat hússins er kr. 15.650.000.

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að húsið verði selt. Sveitarstjóra falið að láta verðmeta eignina.

Samþykkt samhljóða.

4. 2101001 - Umsögn um frumvarp til laga um um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur).

Úr fundargerð 263. fundar byggðarráðs 25.02.2021, dagskrárliður 32:

2101001 - Mál frá Alþingi til umsagnar - 2021

Frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Frumvarp til laga um um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla).141. mál.

Frumvarp til laga um hafnalög (EES-reglur, gjaldtaka, rafræn vöktun), 509. mál.

Frumvarp til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun), 140. mál.

Frumvarp til laga um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 452. mál.

Umsögn um frumvarp til laga um um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál:

Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að í umsögn verði lagst gegn breytingum á kosningaaldri úr 18 árum í 16 ár. Það byggir á því að eðlilegt sé að sami aldur eigi við

um kjörgengi og kosningaaldur. Einnig að rétt sé að kosningaaldur sé sá sami og sjálfræðis- og fjárræðisaldur. Hins vegar verði mælt með að um kosningaaldur gildi að kosningarétt og kjörgengi miðist við almanaksárið sem einstaklingurinn nær 18 ára aldri.

5. 2102017 - Umhverfis- og skipulagsnefnd - erindisbréf

Úr fundargerð 113. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 5.03.2021, dagskrárliður 1:

2102017 - Umhverfis- og skipulagsnefnd - erindisbréf

Gengið frá erindisbréfi nefndarinnar.

Við VII kafla bætist eftirfarandi setning: Sama á við ef um er að ræða fyrirtæki eða félög sem fulltrúi tengist.

6. 2011019 - Sælingsdalur ný lóð

Úr fundargerð 113. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 5.03.2021, dagskrárliður 3:

2011019 - Sælingsdalur ný lóð

Óskað er eftir stofnun íbúðarlóðar úr ríkisjörðinni Sælingsdal.

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og felur skipulagsfulltrúa að kanna hvort fara þurfi í deiliskipulagsvinnu vegna stofnun lóðarinnar.

Ríkiseignir f.h. landeiganda, Ríkissjóðs Íslands, óskar eftir stofnun íbúðarlóðar, sem fær nafnið Sælingsdalur 2, úr ríkisjörðinni Sælingsdal, L137739. Um er að ræða 10.856 m² lóð, stofnuð undir íbúðarhús á jörðinni. Ræktað land upprunajarðarinnar, Sælingsdals, L137739, minnkar sem nemur stærð nýju lóðarinnar.

Erindinu var frestað á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 4. desember sl. og var skipulagsfulltrúa falið að kanna hvort fara þurfi í deiliskipulagsvinnu vegna stofnun lóðarinnar.

Ekki er þörf á deiliskipulagi fyrir svæðið í tengslum við erindið og gerir skipulagsnefnd því ekki athugasemd við áformuð landskipti. Nefndin samþykkir erindið.

7. 2009005 - Deiliskipulag - íþróttamannvirki við Dalabúð og Auðarskóla

Úr fundargerð 113. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 5.03.2021, dagskrárliður 5:

2009005 - Deiliskipulag - íþróttamannvirki við Dalabúð og Auðarskóla

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir Auðarskóla og íþróttamiðstöðvar í Búðardal.

Í upphafi skipulagsferlisins var fallið frá gerð skipulagslýsingar, sbr. 5.2.2. gr.

skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins lágu fyrir í aðalskipulagi Dalabyggðar, sbr. fund sveitarstjórnar 10.12.2020.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti þann 10.12.2020 að auglýsa tillöguna. Hún var kynnt umsagnaraðilum skv. skipulagsreglugerð og var auglýst frá 6. janúar til 18. febrúar 2021 í Skessuhorni og Morgunblaðinu. Skipulagsgögnin voru til sýnis á skrifstofu og heimasíðu Dalabyggðar.

Kynningarfundur var haldinn þann 26. janúar 2021 og bárust umsagnir og athugasemdir frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Minjastofnun og Vegagerðinni.

Ekki voru gerðar athugasemdir í umsögnum frá Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og krefjast þær því ekki viðbragða. Minjastofnun gerir auk þess ekki athugasemd í umsögn stofnunarinnar en Minjavörður Vesturlands skoðaði svæðið á

vettvangi þann 28. janúar sl. og er umfjöllun þess efnis bætt við kafla 2.2. í greinargerð deiliskipulagsins.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að senda Skipulagsstofnun deiliskipulagið til yfirferðar og auglýsing um gildistöku þess birt í B-deild Stjórnartíðinda.

8. 2103014 - Sveitarstjórnarfundur unga fólksins

Lagt er til að fundurinn verði haldinn 20. maí kl. 15.

Fundargerðir til staðfestingar

9. 2101005F - Atvinnumálanefnd Dalabyggðar - 21

1. Eiríksstaðir 2020 - 2003025
2. Tjaldsvæðið í Búðardal 2020 - 2101032
3. Nýting og möguleikar á aðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19 - Könnun - 2101018
4. Kræklingaræktun í Breiðafirði - 2011022
5. Stefna atvinnumálanefndar 2021 - 2102016
6. Könnun landshlutasamtaka sveitarfélaganna á búsetuskilyrðum og hamingju landsmanna - 2102010
7. Fréttir af ferðabjónustu í Dalabyggð 2021 - 2102020

10. 2102002F - Byggðarráð Dalabyggðar - 263

1. Umframkostnaður vegna fráveituframkvæmda - athugun endurskoðanda. - 1911008
2. Viðbragðsáætlanir hafna 2021 - hafnir Dalabyggðar - 2101040
3. Erindi vegna hafnarinnar í Skarðsstöð - 2102009
4. Viðhald á slökkvibílum - 2102023
5. Ósk um afslátt á leigu fyrir Tjarnarlund - 2102002
6. Íbúðarhúsið Skuld - 2102003
7. Reglur um fjárhagsaðstoð Dalabyggðar - 2102004
8. Íþrótt- og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna Covid-19 - 2009024
9. Að vestan 2021 - 2102030
10. Sorphreinsun - útboð 2020-2022 - 1904034
11. Framlög frá ríkinu til fráveituframkvæmda. - 2011037
12. Erindi vegna bátabrautarinnar við Hnúksnes - 2101037
13. Umsókn um skólavist utan sveitarfélags - 2102005
14. Umsókn um skólavist í Dalabyggð - 2102026
15. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags - 2008011
16. Nýsköpunarsetur í Dalabyggð - 2005027
17. Erindi varðandi gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa. - 2102025
18. Erindi, varðandi förgunargjald dýrahæja - 2102006
19. Menningarstefna Vesturlands 2021-2025 - 2102019
20. Áskorun til byggðarráðs Dalabyggðar - 2102022
21. Frumkvæðisathugun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á samstarfssamningum sveitarfélaga - 2008012
22. Vegmyndavélar á vegi fyrir strandir - 2102027
23. Sælingsdalslaug sumarið 2021 - 2102028
24. Umsókn um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra - 2102032
25. Fóðuriðjan Ólafsdal ehf. - Ársreikningur 2019 - 2102018
26. Fjárhagsáætlun 2020-2023 - 1903025
27. Áætlun hafnaryfirvalda um móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum - endurskoðun - 2102013
28. Stuðningur við Seyðisfjörð - Erindi frá Svavari Garðarssyni - 2006009
29. Stefnumótun í málefnum sveitarfélaga. - 1905022

30. Byggðasafn Dalamanna - Staðarfell - 1912011
31. Umsögn vegna vatnsveitu - Þurranes - 2102031
32. Mál frá Alþingi til umsagnar - 2021 - 2101001

11. 2101004F - Menningarmálanefnd Dalabyggðar - 14

1. Jörvagleði 2021 - 2009003
2. Menningarþörf íbúa Dalabyggðar - 2101024
3. Húsnæðismál Byggðasafns Dalamanna - 1902006
4. Könnun landshlutasamtaka sveitarfélaganna á búsetuskilyrðum og hamingju landsmanna - 2102010
5. Eignarhald félagsheimila - 2001030
6. Menningarstefna Vesturlands 2021-2025 - 2102019

12. 2102005F - Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar - 113

1. Umhverfis- og skipulagsnefnd - erindisbréf - 2102017
2. Fyrirspurn um Sælingsdalstungu - 2101036
3. Sælingsdalur ný lóð - 2011019
4. Ægisbraut 9. Umsókn um lóð. - 2101038
5. Deiliskipulag - íþróttamannvirki við Dalabúð og Auðarskóla - 2009005
6. Gröf Laxárdal - Umsókn um byggingarleyfi - 2103012
7. Bolabrekka - Umsókn um byggingarreit og byggingarleyfi - 2103013
8. Afmörkun lóða í Búðardal - 2103011
9. Endurskoðun Aðalskipulags Dalabyggðar - 2002053
10. Hróðnýjarstaðir - breyting á aðalskipulagi vegna vindorkuvers - 2003042
11. Sólheimar - breyting á aðalskipulagi vegna vindorkuvers - 2003041

Fundargerðir til kynningar

13. 2102014 - Fundir Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2021

Fundargerð nefndar 10.02.2021 lögð fram.

14. 2101003 - Fundargerðir stjórnar - Dalaveitur - 2021

Fundargerðir stjórnar 25.02.2021 og 8.03.2021 lagðar fram.

15. 2101002 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar - 2021

Fundargerðir nefndar 7.01.2021 og 13.01.2021 lagðar fram.

16. 2101007 - Fundargerðir Sambands ísl. sveitarfélaga - 2021

Fundargerð 895. fundar 26.02.2021 lögð fram.

17. 2101006 - Fundargerðir stjórnar Bakkahvamms hses - 2021

Fundargerð stjórnar 4.03.2021 lögð fram.

18. 2002009 - Fundargerðir Almannavarnanefndar Vesturlands

Fundargerð nefndar 2.03.2021 lögð fram.

19. 2101006 - Fundargerðir stjórnar Bakkahvamms hses - 2021

Fundargerð stjórnar 4.03.2021 lögð fram.

Mál til kynningar

20. 2002053 - Endurskoðun Aðalskipulags Dalabyggðar

Úr fundargerð 113. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 5.03.2021, dagskrárliður 9:

2002053 - Endurskoðun Aðalskipulags Dalabyggðar
Fyrir liggja frumdrög að uppdrætti og greinargerð aðalskipulags Dalabyggðar en áætlað er að vinnslutillaga aðalskipulagsins verði tilbúinn í vor.
Lagt fram til kynningar.

21. 2101001 - Mál frá Alþingi til umsagnar - 2021

Tillaga til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta, 243. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 272. mál.
Tillaga til þingsályktunar um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar, 259. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (menntun og eftirlit), 562. mál.
Frumvarp til laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið og aukatekjur ríkissjóðs (gjaldfrjáls rafræn útgáfa), 273. mál.
Frumvarp til laga um greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (samþætting þjónustu, hlutverk o.fl.), 561. mál.

22. 2103002 - Aðalfundur SSV 2021

Aðlafundarboð lagt fram.

23. 2103004 - Tilkytning til sveitarfélaga - Áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög

Bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Jafnréttisstofu lagt fram.

24. 2012016 - Staða og framtíð úrgangsmála á Vesturlandi

Lokaeintak skýrslu um aðgerðaáætlun í úrgangsmálum fyrir Vesturland.

25. 2011023 - Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Svar vegna umsagnar Dalabyggðar um tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu.

26. 2103005 - Kvörtun til kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa

Kvörtun vegna hækkunar á gjaldi fyrir geymslupláss á Fjósum.

27. 2003031 - Viðbrögð Dalabyggðar vegna heimsfaraldurs COVID-19

Minnisblað lagt fram.

28. 1901014 - Skýrsla frá sveitarstjóra.

Minnisblað lagt fram.

09.03.2021
Kristján Sturluson, sveitarstjóri.